

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 39. fundur.

að Hlíðavegi 6, 5. júní 2008, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2008 síðari umræða.
3. Drög að tillögu að matslýsingu vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps.
4. Fundargerð Byggingarnefndar frá 29. maí.
5. Erindi frá Friðriki L. Jóhannessyni, þar sem óskað er eftir stækkun lóðar að Skútahrauni 15.
6. Erindi frá Héðni Sverrissyni, ósk um tengingu við hitaveitu.
7. Kjör oddvita og varaoddvita.
8. Erindi frá Umhverfisaráðuneyti, þar sem óskað er samþykkis sveitarstjórnar á friðlýsingu vegna Vatnajökulspjóðgarðs.
9. Fundargerð Skólanefndar dags. 2. júní.
10. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun djúpborunarholu við Kröflu.
11. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun rannsóknarholu í Bjarnarflagi.

### Til kynningar:

Bréf frá Laufeyju Sigurðardóttur.

Fundargerð Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 23. maí.

Bréf Landgræsðlu ríkisins dags. 16. maí.

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 23. maí.

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 29. maí.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 9, 10 og 11 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

**2. Ársreikningur 2008 síðari umræða.**

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 274,9 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 258,7 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 263,2 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 239,3 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,625% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis sem er lögbundið hámark þess. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 39,7 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 37,7 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 41,0 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 38,7 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 381,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 285,2 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 125,7 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 32 stöðugildum.

Íbúafjöldi Skútustaðahrepps 1. desember 2006 var 403 og fækkaði um 7 frá fyrra ári.

Skoðunarmenn ársreikninga gera svohljóðandi athugasemd við reikninginn:

*„Eins og undanfarin ár gerum við athugasemdir við þá skuld sem enn er ógreidd vegna hitaveitureikninga nokkurra einstaklinga hér í sveit.*

*Það verður furðu okkar skaðunarmanna að ekki skuli vera lögð meiri áhersla en raun ber vitni á innheimtu eða samninga um greiðslu skuld upp á 16,3 millj. kr. Þrátt fyrir að skipuð hafi verið nefnd í málið af hálfu Skútustaðahrepps virðist ekkert gerast.*

*Þessi framkoma er óþolandi gagnvart skilvísnum greiðendum gjalda þessa sveitarfélags. Fyrri athugasemdir okkar undanfarin ár virðast ekki hafa nein áhrif til úrlausnar þessa máls.“*

*Gísli Árnason,  
Ellert Finnbogason.*

Sveitarstjórn hvarmar að ekki skuli hafa tekist að ljúka máli þessu. Af ýmsum ástæðum hefur nefndinni gengið erfiðlega að koma saman. Vissulega er fullur vilji hjá báðum aðilum til að ljúka málinu.

**3. Drög að tillögu að matslýsingu vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Skútustaðahrepps.**

Fyrir fundinum liggja drög að matslýsingu vegna endurskoðunar á aðalskipulagi hreppsins, unnin af Landslagi og Mannviti. Breytingin lýtur að því að uppfæra aðalskipulagið til samræmis við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, sem staðfest var af umhverfisráðherra 16. janúar s.l.. Skipulagsbreytingin fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Sveitarstjórn samþykkir drögin og felur sveitarstjóra að óska eftir samráði við Skipulagsstofnun eins og kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006.

**4. Fundargerð Byggingarnefndar frá 29. maí.**

Liður 5, þar sem óskað er umsagnar vegna leyfisveitingar til handa Gísla Sverrissyni og liður 8, þar sem Landgræðslan óskar eftir stöðuleyfi fyrir 40 feta gám á athafnasvæði Skútustaðahrepps við Múlaveg, eiga við um Skútustaðahrepp.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu Byggingarnefndar á lið 5, en varðandi lið 8, samþykkir sveitarstjórn stöðuleyfi til eins árs.

**5. Erindi frá Friðriki L. Jóhannessyni, þar sem óskað er eftir stækkun lóðar að Skútahrauni 15.**

Með bréfi dags. 1. maí óskar Friðrik L. Jóhannesson eftir stækkun lóðar til austurs um allt að 2 metra.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að ræða við þá aðila sem kunna að eiga hagsmuna að gæta, áður en endanleg ákvörðun er tekin.

**6. Erindi frá Héðni Sverrissyni, ósk um tengingu við hitaveitu.**

Með bréfi óskar Héðinn Sverrison eftir tengingu við hitaveituna fyrir smáhýsi á Geiteyjarströnd 1.

Erindinu vísað til Veitnanefndar.

**7. Kjör oddvita og varaoddvita.**

Gerð var tillaga um að Margrét Hólm Valsdóttir yrði kjörin oddviti og Böðvar Pétursson varaoddviti, bæði til eins árs. Aðrar tillögur voru ekki gerðar og eru Margrét Hólm og Böðvar því sjálfkjörin.

**8. Erindi frá Umhverfisráðuneyti, þar sem óskað er samþykkis sveitarstjórnar á friðlýsingu vegna Vatnajökulsþjóðgarðs.**

Í bréfinu sem er dags. 2. júní, kemur fram að ráðuneytið undirbúi nú stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og er áformað að þjóðgarðurinn verði stofnaður þann 7. júní n.k. Með vísan í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð er leitað eftir samþykki Skútustaðahrepps fyrir friðlýsingu landsvæðis í sveitarfélaginu. Kort af mörkum þjóðgarðsins eru enn í vinnslu í samráði við svæðisráð þjóðgarðsins og stjórn. Í Skútustaðahreppi er einungis gert ráð fyrir að friðlýstur verði sá hluti Vatnajökuls sem er innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að sá hluti Vatnajökuls sem er innan stjórnsýslumarka sveitarfélagsins verði friðlýsturi, en tekur fram að með því er hún ekki verið að taka afstöðu til eignarréttar á svæðinu.

### **9. Fundargerð Skólanefndar dags. 2. júní.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar er fjallað um mannaáðningar. Skólanefnd mælir með að Anna Guðmundsdóttir verði ráðin í 60% stöðu sem stuðningsfulltrúi við grunnskólann og að Brynja Ingólfsdóttir og Þórdís Jónsdóttir verði ráðnar sem leiðbeinendur.

Í þriðja lið fundargerðarinnar óskar Skólanefnd eftir skýringu á afgreiðslu sveitarstjórnar á 4. lið fundargerðar skólanefndar frá 17. apríl s.l. um aðkomu að skóla. Í bókun sveitarstjórnar komi fram að gert hafi verið ráð fyrir 5 millj. kr á fjárhagsáætlun þessa árs til lagfæringar á skólalóðinni. Skólanefnd spyr hver verkáætlunin fyrir viðhald skólalóðarinnar sé, hvað eigi að framkvæma, hver eigi að gera það og hvenær. Auk þess telur Skólanefnd að tillaga B skv. teikningju frá 1996 sé mjög góð, nema sleppa þurfi bílastæðum við hringtorg og tryggja vörumóttöku austan skóla. Þá telur nefndin og að brýnt sé að hefjast handa strax.

Sveitarstjórn samþykkir annann lið fundargerðarinnar. Varðandi þriðja liðinn þá undrast sveitarstjórn að ekki skuli hafa verið óskað eftir fulltrúa hennar á Skólanefndarfundinn þar sem farið yrði yfir þetta mál.

Tillögur sveitarstjórnar til frágangs eru að hellu- og þökuleggja kringum sparkvöllinn og leggja varanlegt slitlag á aðkomu og bílastæði við íþróttamiðstöð og skóla.

### **10. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun djúpborunarholu við Kröflu.**

Með bréfi dags. 28. Maí, óskar Landsvirkjun eftir framkvæmdaleyfi fyrir vorun djúpborunarholu á borteig á Vítismóum við Kröflu. Holan er aðal rannsóknarhola íslenskra djúpborunarverkefnisins og er tilgangurinn með borun hennar að kanna hvort nýtanlegur orkuríkur jarðhitavökvi finnist undir hinu hefðbunda orkuvinnslusvæði í Kröflu. Fyrirhugað er að bora holuna á borteig á svokölluðum Vítismóum þar sem fyrir eru holur K-4 og K-25. Fyrirhugaður borteigur er innan iðnaðarsvæðis skv. Gildandi aðalskipulagi. Með erindi Landsvirkjunar fylgir bréf frá Skipulagsstofnun dags. 23. maí, þar sem fram kemur að holan skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

### **11. Erindi frá Landsvirkjun, ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun rannsóknarholu í Bjarnarflagi.**

Með bréfi dags. 4. Júní, óskar Landsvirkjun eftir framkvæmdaleyfir fyrir borun rannsóknarholu BJ-16 í Bjarnarflagi. Tilgangur með borun holunnar er að kanna nánar norðurhluta jarðhitakerfisins til öflunar gufu með hagkvæmum hætti fyrir fyrirhugaða jarðhitavirkjun í Bjarnarflagi. Holunni hefur verið valinn staður á borteig holu BJ-15, sem voruð var fyrr í vor, rétt norðan við varmaskiptasköð hitaveitu sveitarfélagsins. Borteigurinn er innan iðnaðarsvæðis í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins og á borteig, sem skilgreindur er í matskýrslunni „Bjarnarflagsvirkjun 90 Mwe og 132 kV Bjarnarflagslína í Skútustaðahreppi“ dags. 17. Desember 2003. Núverandi

stærð teigsins er um 3.100 m<sup>2</sup> að flatarmáli en áætlað er að stækka þurfi teiginn um 1.500 m<sup>2</sup>.  
Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.